

Dómarinn lætur þess getið, að skjöl málsins hafi honum verið afhent 4. f. m. en sökum manntalsþinga og annara embættisanna hefir hann ekki getað kveðið upp þennan dóm fyrir.

=====
 Mánudaginn 21. júní 1926.

Nr. 31/1926. **Sýslunefnd Austur-Húnavatns-
 sýslu** (B. P. Kalman)
 gegn
**stjórn Svínvetningabrautarfje-
 lags** (Pjetur Magnússon).

Um gildi samþykta nr. 79, 12. okt. 1920.

Dómur gestarjettar Reykjavíkur 17. mars 1926: Stefnur, Jón Jónsson, Páll Hannesson, Jóhannes Helgason, Jóhann Guðmundsson og Jón Stefánsson f. h. Svínvetningabrautarfjelagsins eiga að vera sýknir af kröfum stefnandans, Boga sýslumanns Brynjólfssonar f. h. sýslunefndar Austur-Húnavatnsýslu vegna sýslusjóðs tjeðrar sýslu í þessu máli, en stefnandi að greiða stefndum 200 krónur í málskostnað, innan þriggja sólarhringa frá lögbirtingu dóms þessa, að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur hæstarjettar.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Áfrýjandi greiði stefnda málskostnað í hæstarjetti með 200 krónum.

Því dæmist rjett vera:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.

Áfrýjandi, sýslunefnd Austur-Húnavatns-
 sýslu, greiði stefnda, stjórn Svínvetningabraut-

arfjelags málskostnað i hæstarjetti með 200 krónum.

Dóminum skal fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Forsendur hins áfrýjaða dóms hljóða svo:

Mál þetta er eftir samkomulagi málsaðilja höfðað fyrir gestarjettinum með stefnu útgefinni 25. september f. á. af Boga Brynjólfssyni, sýslumanni á Blönduósi f. h. sýslunefndar Austur-Húnavatnssýslu vegna sýslusjóðs tjeðrar sýslu, gegn stjórnendum Svinvetningabrautarfjelags, þeim Jóni bónda Jónssyni Stóradal, Páli bónda Hannessyni á Guðlaugsstöðum, Jóhannesi bónda Helgassyni á Svinavatni, Jóhanni bónda Guðmundssyni í Holti og Jóni bónda Stefánssyni á Kaganarhóli f. h. tjeðs fjelags, til þess aðallega að fá viðurkenningardóm fyrir því, að þrátt fyrir samþykkt um sýsluvegin Svinvetningabraut frá 12. október 1920 eigi sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu einvörðungu en ekki stjórn Svinvetningabrautarfélagsins ákvörðunarrétt um það, hve mikið fje úr sýslusjóðnum skuli árlega veitt til lagningar sýsluvegarins Svinvetningabrautar, *til vðra*, að ofangreind samþykkt um tjeðan veg verði dæmd ólögleg, ógild og óskuldbindandi fyrir sýslunefnd og sýslusjóð Austur-Húnavatnssýslu, og *til þrautavara*, að sýslusjóði Austur-Húnavatnssýslu beri ekki að leggja neitt fram af kostnaðinum við lagningu vegarins nema því að eins, að styrkur fáiast úr ríkissjóði og undir engum kringumstæðum yfir $\frac{1}{4}$ hlnta kostnaðar, svo að það, sem sýslusjóðnum kunni að bera að greiða til brautarinnar beri honum ekki að greiða fyrri, en reikningur yfir hvers árs lagningarkostnað liggur fyrir og verkinu sje lokið fyrir það ár. Svo hefir stefnandi og krafist málskostnaðar að skaðlausu eftir mati rjettarins.

Hinir stefndu stjórnendur Svinvetningabrautarfjelagsins hafa krafist algerðrar sýknu af kröfum stefnanda í málinu og málskostnaðar hjá honum að skaðlausu, og telja hann vegna fjárhæðar þeirrar, er málið snýst um, ekki mega lægri vera en 500 krónur.

Hin tilvitnaða samþykkt um sýsluvegin Svinvetningabraut (Stj.tíð. 1920 B. bls. 236—237) er samin og samþykkt samkvæmt lögum nr. 38/1919 og staðfest af atvinnu- og samgöngumálaráðuneytinu 12. október 1920 og tekur til sýsluvegarins frá Húnavetna-

ingabrant að Guðlaugsstöðum og hliðarbrautarinnar frá Tindum vestan Svinavatns austur yfir Svinadalsá og er svo ákveðið í 2. gr. samþyktarinnar, að vegur þessi skuli gerður akfær svo ört, sem hægt sje að fá menn til lagningar hans og gerður samkvæmt ákvörðun sýslunefndar 1919 og vel vandaður að öllu. Í 3. gr. samþyktarinnar er svo ákveðið, að helminginn af kostnaði við vegagerð þessa, sem ekki fáist úr ríkissjóði, greiði sýslusjóður Austur-Húnavatnssýslu, en hinn helming kostnaðarins skuli notendur vegarins greiða eftir vissum reglum, sem settar eru í samþyktnni. Eru allir einstakir menn, er til vegarins gjalda, meðlimir svonefnds Svinvetningabrautarfjelags, er skal kjósa sjer stjórn og eru þeirri stjórn í samþyktnni faldar allar framkvæmdir vegagerðarinnar, svo sem að útvega menn og annað, sem til hennar þarf, heimta saman tekjur vegarins, hafa á hendi reikningshald, o. s. frv. og loks er stjórninni heimilað að taka lán til lúkningar stofnkostnaði vegarins, gegn tryggingu í tekjum hans og sjálfskuldarábyrgð fjelagsmanna.

Eigi verður annað sjeð á skjölum málsins, en að samþykkt þessi hafi fengið löglegan undirbúning eftir lögum nr. 38/1919, þannig að álits vegamálastjóra hafi verið leitað um vegalagninguna og hann ráðið til hennar og að sýslunefnd Austur-Húnavatnssýslu hafi fyrir sitt leyti samþykkt samþyktarfrumvarpið áður en það var samþykkt á samþyktarsvæðinu, enda myndi samþykktin eigi hafa náð staðfestingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins ef undirbúningurinn hefði ekki verið lögmætur.

Aðalkröfu sýna í málinu byggir stefnandi á því, að eftir gildandi lögum ráði sýslunefndin ein yfir fje sýslusjóðsins og eigi ein ákvörðunarrjettinn um allar fjárveitingar úr honum. Það kæmi því í bág við grundvallarreglur laga ef stjórn Svinvetningabrautarfjelagsins gæti ráðið því, hve mikið ætti að greiða úr sýslusjóði til vegagerðarinnar árlega og hefði stjórnarráðið því átt að neita samþyktnni staðfestingar og sje hún því ógild að lögum og ekki bindandi fyrir sýslunefndina eða sýslusjóðinn þar sem stjórnarráðið með staðfestingu hennar hafi farið út fyrir valdsvið sitt. Því væri samþykktin gild hefði sýslunefndin sviift sjálfa sig fjárforræði en það geti enginn. En þótt nú svo yrði álitið að samþykktin sje gild, þá eigi sýslunefndin en ekki fjelagsstjórnin að ráða því, hve mikið fje sje greitt úr sýslusjóði til vegagerðarinnar árlega, enda sje fjelagsstjórninni í samþyktnni hvergi heimilað að ráða því. Að því er þrautavarakröfuna snertir, heldur stefnandi því fram, að gengið hafi verið út frá því, er

samþyktingin var sett, að ríkissjóður myndi greiða að minsta kosti helming alls kostnaðar við vegagjörðina, en þar sem fyrirjáanlegt hafi verið, að ekki væri vist að ríkissjóður gæti það árferðisins vegna, hefði stjórnarráðið átt að sjá hag sýslufjelagsins borgið með því að neita staðfestingu samþyktaðinnar, og einnig í þessu tilfalli gengið út fyrir valdsvið sitt, því nú sju svo miklar kröfur gerðar til sýslusjóðsins um framlag til vegagerðarinnar, að hann risi eigi undir því, og sýslunefndin sjá sjer eigi fært að leggja þau gjöld á sýslubúa, enda hafi sýslan bundist ýmsum öðrum viðfangsefnum, svo sem sjúkraskýlishaldi, síðan samþyktingin um Svínvetningabrautina var sett, auk þess sem berkla-varnarlöggin baki sýslusjóðnum mikil útgjöld.

Þess ber að gæta í þessu máli að það eru sýslunefndirnar en ekki einstökum hreppum eða fjelögum einstakra manna sem í lögum nr. 38/1919 er heimilað að gera samþyktingir um akfæra sýslu- og hreppsvegi. Það er því sýslunefnd Austur-Húnavatns-sýslu, sem að fengnu álit og tillögum vegamálastjóra, hefir sett og samþykkt frumvarpið til samþyktaðinnar frá 12. október 1920 um sýsluvegin Svínvetningabraut á undan Svínvetningabrautarfjelaginu og hefir látið bera frumvarpið undir það til samþyktað. Það er sýslunefndin sjálf sem hefir ákveðið að veginn skuli leggja svo ört, sem hægt sje að fá menn til lagningarinnar og ákveðið að helmingur kostnaðar við lagninguna, að svo miklu leyti sem hann fáið ekki greiddur úr ríkissjóði, skuli greiddur úr sýslusjóði, og hefir með því skuldbundið sig til þess að leggja fram úr sjóðnum nægilegt fje á móti notendum vegarins, til þessa, þegar á þurfi að halda. Það er loks sjálf sýslunefndin sem eftir fyrir-mælum laga nr. 38/1919, 5. greinar, hefir sett ákvæðið í samþyktaðina um stjórn vegamálsins og falið hana að öllu leyti stjórn Svínvetningabrautarfjelagsins, án þess að áskilja sjálfri sjer yfir-stjórn þess að nokkru leyti. Til allra þessara ráðstafana hafði sýslunefndin að álit rjettarins fulla heimild, og eigi verður sjeð að þær komi í bág við grundvallarreglur nokkurra laga. Að sýslunefndin hafi sviðt sjálfa sig fjárforræði með þessum ákvörðunum fær rjetturinn heldur eigi sjeð, hitt væri sönnu nær að hún sviðti sig fjárforræði ef hún gengi einhliða frá samþyktað þeirri sem hún hefir sjálf sett og samþyktað. Það verður heldur eigi álit-ið að sýslunefndin með samþyktað samþyktaðinnar hafi bundið sýslufjelaginu þann bagga er það fái ekki undir risið, þegar þess er gætt, að áskilið er í samþyktaðinni, að notendur vegarins, sem eru aðeins lítill hluti sýslufjelagsins, leggja fram fje á móti sýslu-

sjóðnum, og sýslunefndin hefir vald til þess að leggja á þessa sömu menn sama gjald til sýslusjóðsins eins og aðra sýslubúa. Hinsvegar virðist áhugi og fórnfýsi notenda vegarins bera vott um nauðsyn hans og gagnsemi fyrir hlutaðeigandi sveitir og þá alt sýslufjelagið í heild sinni.

Rjetturinn verður því að vera þeirrar skoðunar að samþyktin frá 12. október 1920 komi ekki í bág við grundvallarreglur laganna og að atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið hafi eigi gengið út fyrir valdsvið sitt við staðfestingu hennar. Þar sem enn fremur verður að líta svo á, að samþykt samkvæmt lögum nr. 38/1919 verði eigi feld úr gildi af sýslunefnd einhliða sbr. 2. málsgrein 4. greinar laganna, og sú ákvörðun sýslunefndarinnar á aðalfundi 1924, að fella samþyktina úr gildi, sje því markleysa, þar sem hún náði ekki samþykt Svínvetningabrautarfjelagsins og staðfestingu atvinnu- og samgöngumálaráðuneytisins, verður að líta svo á, að samþyktin sje enn í fullu gildi, og er þá ekki hægt að taka neina af kröfum stefnanda til greina. Af samþyktinni má sjá, að gengið hefir verið út frá því, að úr ríkissjóði fengist eitthvað af kostnaðinum við vegalagninguna, en í henni er ekkert sem bendir til þess, að það hafi verið forsenda af sýslunefudarinnar hálfu að ákveðinn hluti af kostnaðinum fengist þaðan, enda er því mótmælt af stefndum og sönnur hafa ekki verið á það færðar af stefnanda.

Eftir þessum úrslitum verður stefnandi að greiða stefndum málskostnað, og þykir hann hæfilega ákveðinn 200 krónur.

Miðvikudaginn 23. júní 1926.

Nr. 20/1926. **Einar Þorgilsson** (Jón Ásbjörnsson)
gegn

Hirti B. Helgasyni (Bjarni Þ. Johnson).

Ut af farmgjaldi.

Dómur sjóðóms Hafnarfjarðarkaupstaðar 23. nóv. 1923: Stefndur, Einar Þorgilsson, greiði stefnanda, Hirti B. Helgasyni, kr. 350,00, ásamt 5% ársvöxtum af hinni íðæmdu